

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um hjónin Bergþóru Magnúsdóttur og Jakob Júlíus Bjarnason, nr. 370/1996.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Tilgangur sjóðsins er að styrkja gæðastarf og vísindastarf í íslenskri heilbrigðisþjónustu. Með gæðum í heilbrigðisþjónustu er átt við að heilbrigðisþjónusta sé örugg, rétt tímasett, skilvirk, byggð á jafnræði, notendamiðuð og árangursrík. Styrk úr sjóðnum má veita til vel skilgreindra gæðaverkefna eða til vísindarannsókna sem fengið hafa leyfi vísindasiðanefndar en þar skulu rannsóknir á krabbameinssjúkdómum sitja fyrir styrkveitingum.

4. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum: landlækni, forseta læknadeildar Háskóla Íslands og forstjóra Sjúkratrygginga Íslands eða öðrum sérfróðum mönnum um gæða- og umbótastarf sem og vísindarannsóknir. Stjórnin ákveður hve miklu fé skal varið til styrkveitinga hverju sinni og úthlutar styrkjum til umsækjenda.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um hjónin Bergþóru Magnúsdóttur og Jakob Júlíus Bjarnason staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 10. desember 2021,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.